

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽³⁾.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 789/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„56r. **32005 R 0884**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2005, bls. 25).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 5. gr.:

„Við eftirlit er framkvæmdastjórninni heimilt að kalla til innlenda úttektarmenn samkvæmt skrá EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA að kalla til innlenda úttektarmenn samkvæmt skrá EB-ríkjanna.

Framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvor annarri þátttöku í eftirliti sem **athuganda**.““

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 148, 11.6.2005, bls. 25.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 884/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.